

Námssamfélag í staðlotum og á neti

Ingileif Ástvaldsdóttir, Deild menntunar og margbreytileika Háskóla Íslands.

Lykilorð — námssamfélag, fjarnám, kennslulíkan

I. INNGANGUR

Ég kenni að mestu námskeið á meistarastigi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands á námsbrautinni *Stjórnun menntastofnana*. Námskeiðin eru kennd í fjarnámi, námi sem er blanda af netkennslu og tveimur staðlotum þar sem nemum stendur til boða að mæta í tíma í staðlotur sem að öllu jöfnu fara fram í kennslustofum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Ég, eins og aðrir kennarar, hef fundið fyrir minnkandi áhuga nemanna á að mæta í tíma hvort sem um nettíma eða staðlotur er að ræða. Litlu máli virðist skipta hvort í tímama er frjáls mæting eða skyldumæting. Það hefur verið mér áskorun við að skipuleggja kennsluna þannig að markmiðum hennar um samvinnunám og námssamfélag nemanna sé náð. Það hefur einnig verið mér hvatning til að rýna í eigin kennslu og kennsluhætti til að kanna hvort og þá með hvaða hætti er hægt að skipuleggja kennsluna þannig að nemarnir sjái sér hag í mæta í tíma.

II. AÐFERÐ

Á vordögum 2023 rýndi ég tvö námskeiðanna sem ég myndi hafa umsjón með á haustmisserinu. Námskeiðin voru *Stjórnun og forysta* og *Þróunarstarf í menntastofnunum*. Tilgangur rýnnar var að greina hverju í skipulagi námskeiðanna væri hægt að breyta til þess annars vegar að auka áhuga nemanna á að mæta í tíma og hins vegar að auka virkni þeirra í námssamfélagi námskeiðanna. Í rýninni notaði ég kennslulíkanið *Den didaktiske relasjonsmodel* (Hiim og Hippe, 1993; 2009). Líkanið byggir á sex þáttum sem eru innbyrðis háðir hver öðrum og sýnir líkanið að þegar hreyft er við einum þætti í þess hefur það áhrif á hina þættina. Þættirnir eru *markmið*, *kennsluáðferðir*, *innihald* kennslunnar, *umgjörð* hennar, *fyrri þekking* nema og kennara og *mat og ígrundun* á námi og kennslu.

Til að stofna til námssamfélags nemanna og auka virkni þeirra í staðlotum á námskeiðinu *Stjórnun og forysta* var undirbúningi fyrir fyrri staðlotu misserisins breytt þannig að nemarnir unnu í hópum að verkefnum sem þau kynntu í staðlotunni. Í þeim verkefnum var þeim einnig ætlað að búa til umræðuverkefni upp úr lesefni námskeiðsins fyrir samnemendur. Þau verkefni voru unnin í hópastarfi í staðlotunni. Einnig var skyldumæting sett á fyrri staðlotu.

Á námskeiðinu *Þróunarstarf í menntastofnunum* var fyrir staðlota þess sett upp sem vinnustofa í samfélagslegri nýsköpun (e. social innovation lab). Tvö af markmiðum vinnustofunnar voru að auka virkni nema í staðlotunni og að efla þau í að leggja sitt af mörkum til að styrkja námssamfélag námskeiðsins. Á þessu námskeiði var mæting í fyrri staðlotu einnig gerð að skyldu.

Til að fylgjast með því hvort markmiðum breytinganna myndu nást, skráðu nemarnir útgöngumiða (e. exit tickets) í lok hvers dags í fyrri staðlotunni og einnig voru kennslukannanir námskeiðanna rýndar með markmið breytinganna í huga ásamt því að fylgst var með virkni umræðuhópanna á misserinu.

III. NIÐURSTÖÐUR

Í mati nema komu fram þemu sem lýstu bæði *lærdómi* og *stemningu*. Þau sögðust hafa öðlast dýpri skilning á námsefninu eftir staðloturnar og lýstu því hvernig hópumræður fyrir og eftir staðlotur juku skilning þeirra á tilgangi námskeiðsins og inntaki þess. Þau lýstu líka hvernig *gleði*, *drifkraftur* og *virkt tengslamyndun* hafi einkennt vinnu námshópanna á námskeiðunum.

Niðurstöðurnar sýna að það virðist skipta máli hvað er á dagskrá í staðlotum og hvernig dagskráin er skipulögð. Einnig virðist það skipta máli hvað

nemum er falið að gera áður en þau mæta í staðloturnar og hvernig undirbúningurinn er notaður til að virkja hópinn þegar hann kemur saman í staðlotu. Skyldumæting í fyrri staðlotur og breytt skipulag í þeim virðast auka líkur á samskiptum nemanna eftir staðlotur og virkja þau í námssamfélagi námskeiðanna.

Það er mat kennara námskeiðanna að líkan Hiim og Hippe (1993; 2009) hafi gagnast sem rammi um rýni á námskeiðunum í heild og einnig til að skoða eigin kennsluhætti í samræmi við tilgang og markmið námskeiðanna sem um ræddi.

Hiim, H. og Hippe, E. (2009). *Undervisningsplanlegging for yrkesfaglærere*. Gyldendal.

IV. UMRÆÐUR

Í fjarnámi sem er blanda af netkennslu og staðlotum er augljóst að tíminn sem háskólanemar og kennarar verja saman í staðlotum er dýrmætur. Ef tíminn á að nýtast nemunum til að dýpka skilning þeirra á námsefninu samhliða því að mynda tengsl í námssamfélagi, sýna niðurstöður þessarar rýni að kennarinn þarf að huga að því hvernig nemunum er falið að undirbúa sig fyrir staðlotur og hvernig unnið er úr þeim undirbúningi þegar nemarnir koma saman í staðlotunum.

Rýnin sýnir að kennarar geta nýtt sér kennslulíkön til að koma til móts við þarfir háskólanema nútímans fyrir sveigjanlegt nám og samhliða því náð markmiðum um samvinnumiðað nám þar sem tíminn í staðlotum er annars vegar notaður til að dýpka nám nemanna og hins vegar til að koma á persónluegum tengslum milli þeirra. Tengslum, sem í framhaldi af staðlotunum styrktu nemanna í að byggja upp námssamfélag á netinu og urðu til þess að þau sáu sér hag í að mæta í tíma, jafnt í staðlotur sem nettíma.

TILVÍSANIR

Hiim, H. og Hippe, E. (1993). *Læring gjennom opplevelse, forståelse og handling: En studiebook i didaktikk*. Universitetsforlaget.